





Reykjavík, 26. janúar 2023

## Varðar: Fossaleynir 1 – erindi frá byggingafultrúa, led skilti

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. nóvember 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingafultrúa frá 22. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta tegund skiltis úr flettiskilti í LED-skilti, við húsi á lóð nr. 1 við Fossaleyni.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Breyting á deiliskipulagi, samþykkt 15. júní 2006

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Fossaleynir 1 borgarhluta 8 Grafarvogur og er á skilgreindu miðsvæði, M10 Fossaleynir-Egilshöll. Um M10 segir í aðalskipulagi: „Á svæðinu er fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi sem tengist íþróttaiðkun svo og ráðstefnum, sýningum og tónleikum“.

**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 15. nóvember 2000 með síðari breytingum, þar á meðal deiliskipulagsbreyting, samþykkt 15. júní 2006 sem m.a. heimilaði tvö auglýsingaturna á vesturhluta lóðar.



### Umsögn

Byggingin á lóð nr. 1 við Fossaleynir er íþrótt- og kvikmyndahús á viðskipta- og þjónustulóð, byggt árið 2003 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir áliði skipulagsfulltrúa á umsókn um leyfi til að breyta tegund skiltis úr flettiskilti í LED-skilti.

Á miðsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, stjórnsýslu og skrifstofum en einnig íbúðum, einkum á efri hæðum bygginga. Miðsvæði þjóna ýmist öllu landinu, höfuðborgarsvæðinu öllu eða nokkrum íbúðarhverfum. Á miðsvæðum fer almennt fram fjölbreyttari starfsemi en rúmast á verslunar- og þjónustusvæðum (VP). Einnig má gera ráð fyrir eftirtalinni atvinnustarfsemi: kvikmyndahúsi,

gístiaðstöðu, skrifstofum og þjónustu, heilsurækt, sjúkrahjálfun, veitingastöðum (þó ekki skemmtistöðum, dansstöðum eða næturklúbbum), veitingastofum og kaffihúsum sem beinlínis eru í tengslum við starfsemi sem tengist íþróttaiðkun á svæðinu, verslunum þó ekki matvöruverslun eða bensínsölu.

Í breytingum á deiliskipulagi, samþykktar 15. júní 2006, heimilaði tvö auglýsingaskilti á vesturhluta lóðar. Í samþykktari breytingu á deiliskipulagi er ekki gerð til um stærð þeirra eða gerð, stafrænt skilti eða ekki. Aðeins er tilgreindar staðsetningar. Sótt var um byggingaleyfi fyrir skiltinu sbr. samþykktar teikningar dags. 7. nóvember 2006. Skv. samþykktum teikningum er stærð hvers flatar  $6,4 \times 4,26 = 27,26 \text{ m}^2$ .



Núverandi flettiskilti og samþykktar teikningar af því

Sótt er um að breyta núverandi flettiskilti í LED skilti. Staðsetning, rammi og umgjörð verða óbreytt. Í gildandi skiltasamþykkt er ekki heimilt að setja upp svo stórt, stafrænt skilti á miðsvæðum. Hins vegar er leyfilegt að setja upp ný, stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en  $10 \text{ m}^2$ , ef að fyrir er sambærilegt, upplýst skilti s.s. flettiskilti. Því er heimilt að taka jákvætt í erindið. Led skiltið skal vera í samræmi við samþykkt skipulag og uppfylla þau skilyrði sem koma fram í gildandi skiltasamþykkt hverju sinni, t.d. er varðar ljóma frá skiltafleti.

## Niðurstaða

- Fallist er á breytingu flettiskiltis í Led skilti við Fossaleyni 1.
- Skiltið skal uppfylla þau skilyrði sem koma fram í gildandi skiltasamþykkt hverju sinni.

## f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri